

Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um upplýsingagjöf og aðgengi að upplýsingum á öðrum tungumálum en íslensku á vef Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni væru eftirfarandi:

- Verkefnastjórn varðandi rafræna upplýsingagjöf á öðrum tungumálum en íslensku.
- Greining, þátttaka í smíði á vefsíðum sem verða á ensku/pólsku.
- Þýðing á efni yfir á ensku/pólsku.
- Greining og þýðing á hugtökum í umsóknakerfum Reykjavíkurborgar.
- Forgangsröðun, gerð texta og samantekt á stefnum Reykjavíkurborgar.
- Viðhald og uppfærsla á texta og upplýsingum á vefsíðum Reykjavíkurborgar.

Kostnaðagreining

Eitt stöðugildi sérfræðings/ verkefnastjóra í textasmíð og upplýsingagjöf er 9 til 14 milljónir á ári.

Greinagerð:

Innflytjendur sem skráðir eru með lögheimili í Reykjavík eru 16,6% af mannfjölda. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu eru flestir innflytjendur í Reykjavík að koma frá Póllandi. Þeir innflytjendur sem flytja til landsins tala næstum undantekningarlaust aldrei neina íslensku. Hluti hópsins reynir að ná tökum á að tala íslensku og jafnframt læra íslensku en oftast er enska samskipta tungumál áður en fólk nær tök á íslensku. Hluti hópsins mun ekki ná tökum á tungumálinu á þeim tíma sem það býr á landinu.

Upplýsingagjöf um þjónustu Reykjavíkurborgar fer að mestu leyti í gegnum netið, það er á vefsíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is. Þar er hægt að finna upplýsingar um svið og skrifstofur, upplýsingar um hvernig þjónustan fer fram og hvar er hún veitt. Þar er líka hægt að finna fréttir um viðburði og atburði og upplýsingar um það sem er að gerast í borginni. www.reykjavik.is er að jafnaði ein af fimm mest sóttu síðum Íslands.

Vefsíðan reykjavik.is er að mestu leyti bara á íslensku. Búið var að gera samantekt með upplýsingum um stjórnarsýslu og um helstu þjónustu sem eru sett upp á ensku en þar er þýðingum og samræmingu áfátt. Sumt er að fullu þýtt, annað að hluta og annað að mjög litlu leyti. Ensk síða er síðan tengd vefþýðingakerfinu – google translate.

Vefur reykjavik.is er mjög viðamikill upplýsingavettvangur með þúsundir undirsíða þar sem hvert svið og skrifstofa er með eignarhald á upplýsingum sem eru birtar þar.

Á árunum 2010-2013 var Reykjavíkurborg þátttakandi í Evrópuverkefninu Rafrænar lausnir fyrir alla (E-government for you). Markmið verkefnisins er að efla færni og búa til rafrænar lausnir fyrir ýmsa hópa sem styðja þarf sérstaklega við vegna félagslegra aðstæðna. *Styrkurinn*

var í heild um 2,5 milljónum evra og fékk Reykjavíkurborg tæpar 403 þúsund evrur eða ríflega 62 milljónir króna í sinn hlut á árunum 2010-2013.

Markmið EGOV4U verkefnisins var að fá sem flesta í samfélaginu til að nýta sér tæknilegar lausnir til að eiga samskipti við opinbera aðila og nýta sér þjónustu þeirra. Í því felst að þróa lausnir og styrkja hópa sem hingað til hafa ekki tekið þátt í upplýsingasamfélaginu t.d. innflytjendur. Vegna verkefnisins var ráðinn verkefnisstjóri með pólsku sem móðurmál sem í samstarfi við upplýsinga og vefdeild vann efni á enska og pólska vefsíðu Reykjavíkurborgar. Verkefnisstjóri hafði líka utanumhald um fréttapýðingar og upplýsingar sem settar voru á opinbera facebooksíðu Reykjavíkurborgar á pólsku Reykjavik Nasze Miasto.